

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 139. löggjafarþings, frá 17. desember 2010 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2011.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 18. desember 2010 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 139. löggjafarþings, frestað hinn 18. desember 2010.

Forsætisráðuneytinu, 20. desember 2010.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.